

hverju því svæði þar sem hann uppfyllir þær kröfur sem nefndar eru í ICAO viðauka 6 „Reglugerð um flugrekstur“.

- 4.6.2.2 Til þess að halda réttindum sínum skal handhafi skírteinis flugumsjónarmanns hafa starfað sem slíkur a.m.k. 6 mánuði á síðustu 24 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PT) sem Flugmálastjórn tekur gilt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Flateyrarhrepps, Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 23. febrúar 1996 staðfest sameiningu Flateyrarhrepps, Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram 11. maí 1996.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Sveitarstjórnirnar skulu hver um sig tilnefna einn fulltrúa í yfirkjörstjórn, þannig að hún verði skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, og verði ráðuneytinu tilkynnt um skipan hennar.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum sex sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. júní 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.